# HLUTVERK

Matvælastofnun sinnir stjórnsýslu, eftirliti, fræðslu og þjónustu við sjávarútveg, landbúnað, fyrirtæki og neytendur í þeim tilgangi að stuðla að heilbrigði og velferð dýra, heilbrigði plantna og öryggi, heilnæmi og gæðum matvæla.

# VERKEFNI

- Matvælalöggjöf og matvælaeftirlit
- Neytendavernd og fræðslumál
- Heilbrigði og velferð dýra
- Plöntuheilbrigði og sáðvara
- Fóður og áburður
- Sóttvarnir og viðbragðsáætlanir
- Kjötmat
- Inn- og útflutningseftirlit
- Stjórnsýsluverkefni

# FRAMTÍÐARSÝN

Matvælastofnun mun standa vörð um þá auðlind sem felst í heilbrigði plantna og heilbrigði og velferð dýra í ómenguðu umhverfi. Stofnunin mun jafnframt vinna að gæðum og heilnæmi fisk- og landbúnaðarafurða, matvælaöryggi og neytendavernd í síbreytilegu markaðsumhverfi sem leiðir af nýsköpun í matvælaframleiðslu og auknum alþjóðaviðskiptum.



MAST Matvælastofnun


**Aðalskrifstofa**
Austurvegi 64
800 Selfossi

**Inn- og útflutningsskrifstofa**
Stórhöfða 23
110 Reykjavík

**Umdæmisskrifstofur**
Héraðsdýralæknar
sjá www.mast.is

**Sími 530 4800 • Bréfsími 530 4801 • mast@mast.is**


**www.mast.is**




MAST Matvælastofnun



FRÁ HEILBRIGÐI TIL HOLLUSTU

# MATVÆLAÖRYGGI OG NEYTENDAMÁL

*Markmiðið er að efla gæði aðfanga, stuðla að öryggi matvæla allt frá hafilhaga til maga og vinna að því að matvælafyrirtæki axli ábyrgð á starfsemi sinni með neytendavernd að leiðarljósi.*

## Aðföng

- Eftirlit með innflutningi aðfanga, eftirlit með framleiðslu fóðurs, og vöktun á aukefnum og óæskilegum efnum í fóðri og áburði

## Sjávarafurðir

- Útgáfa vinnsluleyfa
- Eftirlit með fiskvinnslustöðvum
- Samræming á eftirliti skoðunarstofa

## Plöntur

- Eftirlit með nýjum og hættulegum skaðvöldum og tilkynningar um þá samkvæmt alþjóðasamningum
- Leyfi til stofnræktunar og dreifingar á kartöfluútsæði

## Búfjárafurðir

- Útgáfa sláturleyfa og starfsleyfa fyrir kjötvinnslur
- Heilbrigðisskoðun á lifandi sláturdýrum og sláturafurðum
- Eftirlit með mjólkurbúum
- Vöktun sjúkdómsvaldandi örvera, aðskotaefna og lyfjaleifa

## Matvæli

- Yfirumsjón með matvælaeftirliti heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga
- Upplýsingagjöf og túlkun á matvælalöggjöf fyrir hagsmunaðila og neytendur
- Gerð kynningar- og fræðsluefnis um matvæli
- Eftirlit með inn- og útflutningi matvæla

## Lög og reglugerðir

- Sérfræðivinna vegna löggjafar

# HEILBRIGÐI OG VELFERÐ DÝRA

*Markmiðið er að fyrirbyggja alvarleg sjúkdómstilfelli í dýrum, uppræta nýja sjúkdóma á skömmum tíma, útrýma alvarlegum landlægum sjúkdómum, stuðla að aukinni velferð dýra og afstýra sjúkdómstilfellum í mönnum vegna smitefna sem berast milli dýra og manna.*

## Heilbrigði dýra

- Eftirlit, forvarnir og viðbrögð við sjúkdómum í dýrum
- Eftirlit með inn- og útflutningi dýra og dýraafurða
- Eftirlit með störfum dýralækna, skráningu sjúkdóma og lyfjanotkun
- Umsagnir vegna nýskráningar lyfja og undanþágubeiðna

## Velferð dýra

- Eftirlit með aðbúnaði, umhirðu og meðferð dýra
- Viðbrögð við illri meðferð dýra

## Alþjóðasamstarf

- Þátttaka í erlendu samstarfi og vinna vegna alþjóðlegra skuldbindinga
- Tilkynna um sjúkdómastöðu til alþjóðlegra stofnana og fylgjast með sjúkdómastöðu í öðrum löndum

## Lög- og reglugerðir

- Sérfræðivinna vegna löggjafar sem tengist heilbrigði og velferð dýra

# STJÓRNSÝSLA OG LÖGGJÖF

*Markmiðið er að tryggja rétta málsmeðferð og gagnsæja stjórnsýslu í störfum stofnunarinnar í samræmi við góða stjórnsýsluhætti. Með markvissa og aðgengilega stjórnsýslu að leiðarljósi rækir stofnunin best skyldur sínar og verkefni.*

## Alþjóðasamstarf

- Umsýsla vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES)
- Alþjóðasamningar
- Samskipti við erlendar stofnanir

## Stjórnsýsluverkefni

- Aðstoð við gerð laga og stjórnvaldsfyrirmæla
- Aðstoð við innleiðingu Evrópulöggjafar og alþjóðlegra samninga í íslensk lög og stjórnvaldsfyrirmæli
- Lögfræðiráðgjöf
- Verkefni tengd framkvæmd búvörulaga
- Samningagerð
- Samskipti við innlendar stofnanir

## Leyfisveitingar

- Umsýsla og útgáfa leyfa

